

Athugasemdir vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi og aðalskipulagi

Árið er 2007 og við hjónin ætlum að byggja okkur hús í Vaðlaheiði og flytja frá Dalvík. Við kaupum 2 lóðir og áætluðum að reisa okkur stórt fjölskylduhús sem rúma muni börn, barnabörn og ættingja ef með þarf. Það fréttist að við ætlum að flytja og okkur er boðið að sækja um lóð í Hringtúni, ný skipulagðar lóðir í efri hluta Túnahverfis sem á að fara að byrja á. Þar munu rísa að sögn yfirvalda, stór og reisuleg einbýlishús við vistgötu, tveggja hæða hús ofan götu og einnar hæðar neðan götu. Einnig er fullyrt að ekkert verði byggt norðan við Hringtúnið og útsýni út Eyjafjörðinn því óskert. Þar sem til stóð að byggja 500 fermetra einbýlishús með kostnaðaráætlun upp á um 100 milljónir króna þá gáfum við okkur tíma til að hugsa málið. Eftir umhugsun ákveðum við taka slaginn með bænum okkar og byggja upp fallett og blómlegt hverfi sem er sýnilegt flestum þeim sem hann sækja heim og muni prýða ásýnd hans.

Gatnagerðargjöld og lóðarleiga alls ekki ókeypis en okkur fannst þetta spennandi og yndislegt verkefni. Vorið 2007 byrjum við að byggja og flytjum síðan inn í húsið 15. september það ár. Við lögðum mikla áherslu á að húsið sem var stórt og áberandi myndi falla vel inn í umhverfið og litir á steini í klæðningu voru valdir með tilliti til þess. Húsfrúin labbaði upp á Stórhól með 3 litaprufur frá Kanada og þær saman við þá steina sem stóðu upp úr jarðveginum þar. Við reyndum líka að passa upp á að steinar og kennileiti umhverfis húsið héldu sér við framkvæmdirnar. Þarna hefur okkur alltaf liðið vel og yndislegt að sjá byggðina stækka og náttúruna allt um kring blómstra allt árið. Mikið var búið að biðja um leikvöll í hverfið en aldrei kom það til framkvæmda en löngu áður höfðu frumbyggjar hverfisins tekið sig saman og byggt fótboltavöll sem var mjög mikið notaður af bæði Túna og Hólahverfi og sáu þeir alfarið um viðhald við hann. Gaman var að fylgjast með því hve mikið hann var notaður og hvað samstaðan var mikil hjá íbúum um að halda í náttúruna á þessum einstaka stað. Útsýnið til allra átta og forréttindi að eiga aðild að þessari uppbyggingu.

Árið er 2020 og við erum að senda inn athugasemdir vegna tillögu sviðstjóra umhverfissviðs og umhverfisráðs við breytingum á deiliskipulagi hverfisins og aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar. Margt hefur breyst þessi síðustu 3 ár sem hafa liðið síðan Dalvíkurbyggð ákvað að gefa 80% afslátt af gatnagerðargjöldum og lóðaleigu til að laða að nýja íbúa. Ákveðið var að þetta byggð við áður skipulagðar götur og hefur Hringtún verið þeirra aðal framkvæmdagata. Skilningur okkar íbúa á þessari þéttingu byggðar var sá að reyna ætti að svara þörf þeirra sem vantar minni íbúðir t.d fólk sem er að eldast og vill komast nær miðsvæði í minna og þægilegra húsnæði. Raunin virðist hins vegar verða sú að þær íbúðir sem verið er að skipuleggja hér verða stórar og dýrar og staðsettar í einu snjóþyngsta svæði bæjarins þar sem snjómokstri hefur verið ábótavant. Fleiri svæði eru ákjósanlegri byggingasvæði að okkar mati, samanber Svarfaðarbraut með nógu rými fyrir raðhús og gott aðgengi að greiðfærari götum, íþróttasvæði, skóla og nálægð við þjónustu. Einnig væri hægt að ráðast í að byggja nýjar götur samkvæmt gildandi aðalskipulagi 2008-2020 í suður frá Böggvisbraut. En einhverra hluta vegna hefur þetta ekki höfðað til þeirra aðila sem hér ráða og sjónum aðallega verið beint að þéttingu byggðar í Túnahverfi í algjörrri óþökk íbúa.

Fram að þessu höfum við átt farsælt samstarf við stjórnarsýsluna og starfsmenn hennar en í dag er eins og hagsmunir okkar fari ekki saman lengur. Að okkar mati hafa verið settar fram tillögur að breytingum sem eru skammvinnar og jafnvel óafturkræfar og alls ekki til þess fallnar að hafa hagsmuni og samþykki íbúa í forgangi. Við skorum á umhverfisráð að hugsa skipulag til framtíðar og passa upp á heildarmynd og ásýnd bæjarins í stað þess að leita ódýrari lausna á kostnað ánægju og hag íbúa.

Það er orðið of seint fyrir okkur héðan af að mótmæla því að breyta Túnahverfi í fjölbýlishúsaahverfi því nú þegar er búið að reisa raðhús í hverfinu. Við viljum engu að síður biðla til ykkar að láta hér staðar numið og forða okkur frá frekara skipulagsklúðri.

Athugasemdir við tillögum að breytingum á deiliskipulagi Túnahverfis og aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.

Nr 2. *Einbýlishúsalóðunum nr. 17 og 19 við Hringtún er breytt í lóðir fyrir parhús.*

Við óskum þess að einbýlishúsalóðir við Hringtún 17 og 19 fái að halda sér sem lóðir undir einbýlishús þannig að heildarútliti götunnar í norður/suður verði ekki raskað.

Nr 3. *Nýrri lóð fyrir parhús á einni til tveimur hæðum, Hringtún 20 – 22 er komið fyrir norðan við Hringtún 13 – 15 og skipulagssvæðið stækkað til norðurs sem því nemur.*

Hér er um algjöra stefnubreytingu að ræða gagnvart ásýnd hverfisins og veruleg frávik frá fyrra skipulagi. Eins og fram hefur komið hér að ofan þá var okkur sagt að aldrei yrði byggt norðan við Hringtún og var það ein af ástæðum þess að við ákváðum að reisa húsið okkar í hverfinu. Við getum því engan veginn sætt okkur við þessa tillögu. Fagurfræðilega hræðileg tillaga að okkar mati.

Dalvík 31. Janúar 2020

Óskar Óskarsson og Lilja Björk Ólafsdóttir
Hringúni 38
Dalvík